

Fundur ÍRB – 1.11 2011

Dagskrá:

Mættir: Freydís, Falur, Sigurþór, Anna Steinunn, Harpa, Helga, Elsie, Hjördís, Munda, Hilmar, Ant.

1. Farið yfir síðustu fundargerð

Hún samþykkt.

2. Farið yfir stöðu í hópum, skráningar

Þjálfarar hittust á laugardaginn eftir æfingardaginn. Fóru yfir samninginn sem allir skrifuðu undir. Fóru vel yfir málin og þjálfarar virðast skilja það betur. Allir þjálfarar í yngri hópum komu á æfingardaginn og allir þjálfarar voru á tíma. Æfingardagur gekk vel. Ant talaði um að við værum með færri iðkendur heldur en í fyrra. Hann leggur til að hver iðkandi geti skráð vin á æfingar og ef hann byrjar að æfa þá fær sá sem kom með nýjan iðkanda frían mánuð í æfingum. Fundur ályktar að menn séu til í að prófa þetta og reyna að ná í nýja iðkenndur. Freydís leggur til að við byrjum í janúar þegar búið er að færa á milli hópa, það er samþykkt.

Spurning hvort við þurfum að sameina í hópum þar sem sumir hópanna eru frekar fámennir en Ant vill biða með það þangað til í janúar.

3. Mót í nóvember og desember

Nokkur mót í nóv og des.

- Jólamót í 7.des er fyrir Laxa, Sprettfiska og Flugfiska. Mót byrjar klukkan 17:30. Jólasveinar, mandarínur og fjör fyrir krakkana.
- Langsundmót í stuttri laug 18.11 2011.
- Langsundmót í langri laug 2.12 2011.
- Metamót verður svo með Háhyrningum, Sverðfiskum, Framtíðar- og Afrekshópi þann 25.-27. nóv 2011 getum haft mandarínur og jólalegt umhverfi.

4. Æfingaferð til Sheffield í janúar

Það er búið að panta ferð, hótél og spurning með mat. Ant leggur til að nuddari sé tekinn með og hún vill koma sér sjálf á staðinn en fær greitt fyrir nuddið. Fararstjórar og þjálfarar. Þurfum líklega tvo fararstjóra.

5. Hámarksfjöldi keppnisgreina á sundmótum.

Spurning hvort ungu krakkarnir, Sverðfiskar, Sprettfiskar og fleiri séu að synda of mikið á mótum. Spurning hvort það sé nóg að hafa 3 sund í hverjum hluta hjá hóp. Freydís finnst mikið að ungir krakkar synda í kringum 10-12 greinar á hverju móti.

Ályktun stjórnar er að sundmaður syndi ekki í fleirum greinum en þeir eru að borga í stungugjöldum á hverjum mánuði. Þjálfarar beðnir um að fylgjast með þessu hjá sínum hópum.

6. AMÍ – Landsbankamót

Ant vill breyta nafni mótsins, Landsbankamót og bæta við vísun í Ólympíuleika þar sem þetta verður mót sem gildir til lágmarka fyrir Ólympíuleikana. Hann vill jafnvel athuga breyta niðurröðuninni og setja yngri krakkana á morgnana og eldri í eftirmiðdaginn.

Breytingatillaga á AMÍ. Sendum póst á SSÍ.

Búa til auglýsingabækling. Sigurþór er til í að leiða gerð bækling og finna auglýsingar í bæklinginn.

7. Styrktaraðilar.

Allir búnir að borga nema eitt fyrirtæki.

Freydís talaði við Steina í Olís, fer í vikunni og skrifar undir samning við þá.

Á næsta fundi verður farið yfir hvaða fyrirtæki þurfum að fara í í janúar og endurnýja samninga við.

8. ÍM 25

36 í heild ætla á lokahófið.

Nudd á ÍM25, Eva ætlar að nudda, sundráð ÍRB borgar.

10. Önnur mál

- Skipting milli Njarðvíkur og Keflavíkur. Gjaldkerar ætla að sjá um skiptingu gjaldanna og setja í formúluna frá því í fyrra.
- Dómaranámskeið: Freydís og Sigurbór sendu beiðni um að halda dómaranámskeið hér í Rnb en þau hafa ekki fengið svör.
- Barnamót (8 ára og yngri) á des á Akranesi 10.12 2011: Of mikið af mótum hjá ÍRB og menn telja það vera of mikið álag í des. Ekki fara á mótið á Akranesi.
- Elsie kemur með bréf frá Aðalstjórn UMFN, einnig var lesið bréf frá formönnum K og N: Freydís las bréfið. Málið er byggt á miskilningi og stjórnir Sundráðs ÍRB, Sunddeildar Keflavíkur og Sunddeildar Njarðvíkur harnar það sem gerðist. Stjórnirnar munu svara bréfi frá yfirstjórnnum K og N. Freydís og Hjördís ætla að svara aðalstjórnnum K og N.
- Falur talaði um bréf til Árna Sigfússonar bæjarstjóra: Stjórnin samþykkir að senda Árna bréfið.
- Ant talar um æfingarferð Edda: Eddi hefur verið að tala við Sigga Gunnars um ferð. 8 daga til Danmerkur 29.7 2012. Farfuglaheimili, morgunmatur.. Kostnaður yrði 139.000 fyrir utan skemmtiferð og mat á bakka og yfir daginn. Æfingar 7 daga og 2x á dag. Laugin er stutt frá farfuglaheimili. Þeir sem eru í framtíðarhópi frá páskum 2012 eru gjaldgengnir í ferðina.
- Næsti fundur verður þann 22.11 2011 klukkan 19:15.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 21:40.

Fundargerð ritaði Falur Daðason